Árið 2025.....	-	3.227.122
Árið 2026.....	3.392.579	2.275.502
Árið 2027.....	2.141.655	2.275.719
Árið 2028.....	1.928.378	2.075.511
Árið 2029.....	1.727.887	1.876.444
Árið 2030.....	1.728.070	1.876.627
Til greiðslu síðar.....	16.489.942	18.960.131
Vaxtaberandi skuldir samtals.....	27.408.511	32.567.056

25. Leiguskuldir

Samstæðan leigir lóðir, húsnæði, bifreiðar, áhöld og tæki og ná leigusamningarnir fram til ársins 2077. Leigusamningarnir eru flestir tengdir vísitölu neysluverðs.

Leiguskuldir greinast þannig:

	2025	2024
Bókfært verð í ársbyrjun	11.389.211	8.652.596
Nýir leigusamningar	1.177.635	797.325
Yfirtekið vegna kaupa á dótturfélagi	0	2.275.544
Hækkun vegna vísitölubindingar og breytinga á leigusamningum	377.961	822.301
Greiddar leiguskuldir á árinu	(1.477.657)	(1.158.555)
Leiguskuldir samtals	11.467.150	11.389.211
Næsta árs afborgun	(1.437.761)	(1.387.796)
Leiguskuldir langtíma samtals	10.029.389	10.001.415

Allar leiguskuldir eru í íslenskum krónum og greinast þannig í árslok:

	2025	2024
Árið 2025	-	1.387.796
Árið 2026	1.437.761	1.376.195
Árið 2027	1.390.522	1.299.119
Árið 2028	1.127.642	1.051.443
Árið 2029	855.728	730.951
Árið 2030	776.626	649.432
Til greiðslu síðar	5.878.871	4.894.275
Samtals	11.467.150	11.389.211

Skýringar, frh.:

25. Leiguskuldir, frh.:

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2025	2024
Afskrift leigueigna	1.580.857	1.298.647
Vaxtagjöld af leiguskuldum	656.329	578.882

Gjaldfærð leiga vegna leigusamninga sem eru ekki eignfærðir greinast þannig:

Húsaleiga	340.923	312.562
Aðrar leigugreiðslur	12.942	5.996

Áhrif leigusamninga í sjóðsstreymi greinast þannig

Greitt vegna leigusamninga, afborganir og vextir	2.133.986	1.737.437
--	-----------	-----------

26. Tekjuskattur

Reikningsskilaaðferð

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði liði sem færðir eru beint á eigið fé eða í yfirlit um aðra heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára, ef við á.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2025	2024
Hagnaður fyrir tekjuskatt	7.602.975	5.111.526
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0%	1.520.595
Ófrádráttarbær kostnaður	0,3%	24.516
Óskattskyldar tekjur	(0,0%)	(1.852)
Áhrif hlutdeildarféлага	(1,5%)	(114.922)
Aðrir liðir	(0,6%)	(44.942)
Virkur tekjuskattur	18,2%	1.383.395
		21,0%
		1.073.420
		3,7%
		189.526
		(0,3%)
		(14.708)
		(2,5%)
		(127.719)
		(0,5%)
		(27.228)
		21,4%
		1.093.292

Skýringar, frh.:

26. Tekjuskattur, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok ársins:	2025	2024
Rekstrarfjármunir og fjárfestingarfasteignir.....	6.430.884	6.416.252
Óefnislegar eignir.....	1.415.737	1.521.886
Leigusamningar.....	(191.479)	(170.841)
Viðskiptakröfur.....	47.886	63.399
Birgðir.....	34.131	46.617
Yfirfæranlegt tap.....	(78.414)	(86.429)
Aðrir liðir.....	(38.275)	(27.045)
Tekjuskattsskuldbinding.....	<u>7.620.470</u>	<u>7.763.839</u>

27. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í árslok:	2025	2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	2.456.987	2.197.872
Opinber gjöld (VSK, tollur, olíugjald, bensíngjald, kolefnisgjald).....	3.069.733	3.173.944
Ógreiddur tekjuskattur.....	1.514.166	1.214.021
Skuldbinding vegna vara í flutningum.....	349.584	261.579
Áfallnir vextir.....	207.331	268.146
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	378.514	275.449
Aðrar skammtímaskuldir.....	<u>729.277</u>	<u>442.999</u>
Aðrar skammtímaskuldir samtals.....	<u>8.705.592</u>	<u>7.834.010</u>

28. Áhættustýring

Hér eru veittar upplýsingar um áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um rekstraráhættu. Markmið félagsins með áhættustýringu er að lágmarka þá áhættu sem það býr við með því að greina áhættuna, meta hana og hafa eftirlit með henni.

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta (verðáhætta og vaxtaáhætta)
- Gengisáhætta
- Rekstraráhætta

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og annarra krafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í, en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Um 18% (2024: 22%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptavinar 2% (2024: 3%).

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti. Allir viðskiptavinir félagsins sem eru í lánviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir. Lögaðilar þurfa almennt að leggja fram sjálfskuldarábyrgð eiganda sem nemur tveggja mánaða úttekt. Þetta á þó ekki við stærri aðila sem eru með gott lánshæfismat hjá CreditInfo.

Samstæðan færir niðurfærslu vegna væntra útlánatapa af viðskiptakröfum og öðrum kröfum. Við mat á niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna, núverandi efnahagsástandi og framtíðarhorfum.

Skýringar, frh.:

28. Áhættustýring, frh.:

Viðskiptakröfur félagsins í árslok greinast þannig:

	2025	2024
Greiðslukortakröfur.....	1.235.062	2.558.971
Aðrar viðskiptakröfur.....	4.200.038	4.608.999
Viðskiptakröfur samtals.....	5.435.100	7.167.970

Aldursgreining viðskiptakrafna og virðisrýrnun

Árið 2025	Nafnverð	Niðurfærsla	Bókfært verð	Niðurfærslu- hlutfall
Ógjaldfallið.....	5.368.726	(83.630)	5.285.096	1,6%
Gjaldfallið innan 30 daga.....	61.095	(3.056)	58.039	5,0%
Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum.....	65.712	(6.175)	59.537	9,4%
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum.....	42.167	(9.739)	32.428	23,1%
	5.537.700	(102.600)	5.435.100	1,9%
Árið 2024				
Ógjaldfallið.....	7.126.610	(106.917)	7.019.693	1,5%
Gjaldfallið innan 30 daga.....	47.754	(2.502)	45.252	5,2%
Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum.....	92.966	(9.354)	83.612	10,1%
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum.....	28.963	(9.550)	19.413	33,0%
	7.296.293	(128.323)	7.167.970	1,8%

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sem gerðar verða upp með handbæru fé eða öðrum fjáreignum. Markmið samstæðunnar er að hafa ætíð nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum þegar þær falla til.

Lausafjárstaða samstæðunnar var sterk í árslok 2025. Stjórnendur samstæðunnar telja hana vera vel í stakk búna til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Veginn meðallánstími langtímalána samstæðunnar er um 9 ár og eru lánin öll uppgreiðanleg á lánstímanum. Samstæðan hefur einnig aðgang að lánalínu sem er að hámarki 500 millj. kr. Í árslok 2025 var ekkert dregið á lánalínuna.

Nánari umfjöllun um fjárskuldir samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 29 um fjármálagerninga.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta samanstendur af verðáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu. Markmið félagsins er að stýra og takmarka markaðsáhættu við skilgreind mörk.

Verðáhætta

Veigamikil markaðsáhætta félagsins er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu, en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Dregið er úr verðáhættu í sérsamningum við stærstu viðskiptavinum félagsins auk þess sem móðurfélagið gerir afleiðusamninga til að verjast hluta af verðáhættu vegna innkaupa á eldneyti. Samningarnir geta verið til nokkurra mánaða þar sem verð á olíu er fest í erlendri mynt og ná til þess hluta af eldsneytisinnkaupum samstæðunnar sem ekki er varinn með sérsamningum. Samningarnir eru gerðir upp með handbæru fé og eru færðir í rekstur með kostnaðarverði eldsneytis þar sem samningarnir tengjast því, en jákvæð afkoma af olíuvörnum nam 129 millj. kr. á árinu (2024: tap 1 millj. kr.). Gangvirði framvirkra samninga sem stóð á bundnum reikningi í eigin fé í lok árs 2025 nam 21 millj. kr. (2024: 5 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

28. Áhættustýring, frh.:

Vaxtaáhætta

Samstæðan býr við sjóðstreymisáhættu vegna vaxtabreytinga fjárskulda sem eru með breytilegum vöxtum. Til að dreifa áhættunni er fjármögnun félagsins blanda af óverðtryggðum og verðtryggðum lánum.

Hækkun á vöxtum á uppgjörstigi um eitt prósentustig (100 punkta) myndi lækka afkomu um 262 millj. kr. (2024: 326 millj. kr.) fyrir tekjuskatt vegna áhrifa á lántökur félagsins sem bera breytilega vexti. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Lækkun vaxta um eitt prósentustig myndi hafa sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Gengisáhætta

Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu. Við mat á gengisáhættu er horft til greiðsluáhættu og uppgjörshættu. Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Stærsti hluti innflutnings er kaup á vörum til endursölu af erlendum birgjum í USD og EUR en salan er að stærstum hluta í ISK. Sala í ISK er 96% (2024: 96%), USD 3% (2024: 3%) og aðrar myntir 1% (2024: 1%).

Eignir og skuldir í erlendum myntum voru í árslok sem hér segir:

Árið 2025	USD	EUR	Aðrar myntir	Samtals
Viðskiptakröfur.....	432.533	112.059	65.734	610.326
Handbært fé.....	61.592	8.545	381.732	451.869
Viðskiptaskuldir.....	(40.467)	(322.491)	(610.259)	(973.217)
Áhætta í efnahagsreikningi.....	453.658	(201.887)	(162.793)	88.978

Árið 2024

Langtímakröfur.....	0	0	23.538	23.538
Viðskiptakröfur.....	246.378	32.284	68.266	346.928
Handbært fé.....	276.549	10.259	57.957	344.765
Viðskiptaskuldir.....	(603.000)	(294.200)	(456.750)	(1.353.950)
Áhætta í efnahagsreikningi.....	(80.073)	(251.657)	(306.989)	(638.719)

Næmigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum í árslok myndi hafa hækkað (lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir.

	2025	2024
USD.....	(45.366)	8.007
EUR.....	20.189	25.166
Aðrar myntir.....	16.279	30.699
Samtals.....	(8.898)	63.872

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart þessum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna, tækni og skipulag sem beitt er.

Til að draga úr rekstraráhættu hefur meðal annars verið komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft er eftirlit með lánsviðskiptum og fylgni við lög. Þá er unnið markvisst fræðslustarf með það að markmiði að allir starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun tengda störfum þeirra fyrir félagið. Innleiddir hafa verið virkir verkferlar og reglur um afritatöku upplýsingakerfa. Þá eru unnar markvissar rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör og frávik frá samþykktum áætlunum greind.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar og gangvirði

Eignir á gangvirði

Verðbréf eru færð á gangvirði. Ákvörðun gangvirðis fellur í þriðja stig í gangvirðismati enda byggja upplýsingar um gangvirði þeirra á eigin forsendum félagsins. Fasteignir eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði. Í því felst að gangvirði þeirra er ákvarðað með reglubundnum hætti til að tryggja að það sé á hverjum tíma ekki verulega frábrugðið bókfærðu verði. Gerð er grein fyrir endurmati fasteigna í skýringu 14. Fjárfestingarfasteignir eru færðar á gangvirði. Um gangvirði þeirra er fjallað í skýringu 16.

Vaxtaberandi lán og aðrar fjárskuldir

Gangvirði vaxtaberandi lána er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörssdegi. Skuldir við lánastofnanir eru á markaðsvöxtum og því óverulegur munur á bókfærðu verði þeirra og gangvirði á hverjum tíma. Skammtímaskuldir eru ekki núvirtar, því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í tiltekna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig fjármálagerningar eru metnir eftir upphaflega skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra koma fram í eftirfarandi töflu.

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar samanstanda af handbæru fé, eignarhlutum í öðrum félögum og langtímakröfum, viðskiptakröfum og öðrum kröfum, afleiðusamningum, lántökum, viðskiptaskuldum og tilteknum öðrum skammtímaskuldum.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þeir eru skráðir á viðskiptadegi, sem er dagurinn sem samstæðan verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins. Þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki verða færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning er tekið tillit til alls beins viðskiptakostnaðar við upphaflega skráningu í bókhald.

Flokkun fjármálagerninga og matsgrundvöllur þeirra

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjármálagerninga samstæðunnar og matsgrundvöll þeirra.

Fjármálagerningur	Flokkun	Bókfært verð í árslok 2025	Bókfært verð í árslok 2024
Handbært fé	Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði	5.928.914	4.075.358
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur sem teljast til fjáreigna, þ.m.t. kröfur á tengda aðila	Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði	6.202.529	8.048.528
Eignarhlutir í öðrum félögum	Gangvirði	44.140	14.140
Langtímakröfur	Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði	50.972	35.336
Vaxtaberandi lán	Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	27.408.511	32.567.056
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir sem teljast til fjármálagerninga	Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	21.202.603	19.345.888

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagæringar og gangvirði, frh.:

Fjárhagsleg skilyrði

Í lánasamningum er skilyrði um að bókfært eiginfjárlutfall samstæðu sé ávallt hærra en 25% í lok hvers rekstrarárs. Í lok árs 2025 var eiginfjárlutfallið 41,2% (árslok 2024: 37,9%) og skilyrðið uppfyllt.

Eftirstöðvagreining

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvenær framtíðargreiðslur fjárskulda samstæðunnar og tekjuskatts falla til. Greiðsluflæðið innifelur áætlaða framtíðarvexti eftir því sem við á.

Árslok 2025	Innan árs	Eftir 1 - 3 ár	Eftir 3 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi skuldir.....	5.168.666	7.133.712	6.083.563	18.339.555
Leiguskuldir.....	2.059.382	3.464.744	2.350.357	8.122.112
Viðskiptaskuldir.....	12.875.525			
Skuldir við hið opinbera.....	3.069.733			
Tekjuskattur til greiðslu.....	1.514.166			
Aðrar skammtímaskuldir.....	3.743.179			
	28.430.651	10.598.456	8.433.920	26.461.667

Árslok 2024

Vaxtaberandi skuldir.....	5.582.060	8.601.252	7.394.566	24.292.228
Leiguskuldir.....	1.985.277	3.595.061	2.442.096	7.713.090
Viðskiptaskuldir.....	11.787.327			
Skuldir við hið opinbera.....	3.173.944			
Tekjuskattur til greiðslu.....	1.214.021			
Aðrar skammtímaskuldir.....	3.170.596			
	26.913.225	12.196.313	9.836.662	32.005.318

30. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Til tengdra aðila félagsins teljast hlutdeildarfélög, stjórnarmenn félagsins og stjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög í þeirra eigu.

Viðskipti við tengd félög

Viðskipti við tengd hlutdeildarfélög greinast þannig:	2025	2024
Keyptar vörur og þjónusta.....	3.167.974	2.977.344
Seldar vörur og þjónusta.....	497.262	554.586
Vaxtatekjur af kröfum.....	0	3.159
Skammtímakröfur í árslok.....	8.842	9.696
Viðskiptaskuldir í árslok.....	285.579	96.758

Skýringar, frh.:

30. Tengdir aðilar, frh.:

Stjórn og lykilstjórnendur

Laun og hlunnindi stjórnar og lykilstjórnenda fyrir vinnu þeirra fyrir samstæðuna, nafnverð hlutabréfa í þeirra eigu og úthlutaðir kaupréttir í árslok greinast þannig:

	Laun	Hlunnindi	Árangurs- tengd laun	Nafnverð hluta í krónum	Kaupréttur að hlutum í krónum
2025					
Stjórn					
Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður.....	11.459			40.000	
Guðjón Karl Reynisson, varaformaður.....	11.126			609.391	
Edda Blumenstein, stjórnarmaður.....	5.281				
Guðjón Auðunsson, stjórnarmaður.....	6.815				
Sigurlína Ingvarsdóttir, stjórnarmaður.....	8.022				
Margrét Guðmundsdóttir, fv. stjórnarmaður.....	1.065			178.014	
Lykilstjórnendur					
Ásta S. Fjeldsted, forstjóri.....	67.440	4.716	22.010	98.673	275.347
Sjö framkvæmdastjórnar.....	257.568	20.978	48.637	516.973	1.925.447
Samtals.....	368.776	25.694	70.647	1.443.051	2.200.794
2024					
Stjórn					
Guðjón Karl Reynisson, stjórnarformaður.....	12.047			609.391	
Sigurlína Ingvarsdóttir, varaformaður.....	8.875				
Guðjón Auðunsson, stjórnarmaður.....	5.264				
Hjörleifur Pálsson, stjórnarmaður.....	7.344			40.000	
Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarmaður.....	5.946			178.014	
Magnús Júlíusson, fv. stjórnarmaður.....	1.102			45.000	
Lykilstjórnendur					
Ásta S. Fjeldsted, forstjóri.....	58.864	5.670	14.700	96.000	270.000
Sex framkvæmdastjórnar.....	198.103	16.801	38.711	500.935	1.620.000
Þrír fyrrverandi framkvæmdastjórnar.....	81.303	4.921	8.412		
Samtals.....	378.848	27.392	61.823	1.469.340	1.890.000

Innifalið í fjölda hluta eru hlutabréf í eigu maka og félaga sem stjórnarmenn og lykilstjórnendur eru ráðandi eigendur í.

	2025	2024
Kynjahlutfall lykilstjórnenda (karlar/konur).....	50/50	50/50

Viðskipti við aðra tengda aðila

Það eru engir hluthafar með veruleg áhrif í árslok 2025. Félög sem stjórnarmenn og lykilstarfsmenn hafa yfirráð yfir eru fimm í árslok 2025 og hafa þau verið skilgreind sem tengdir aðilar. Viðskipti við þau bæði árin 2025 og 2024 voru mjög óveruleg en þau eru í formi venjulegrar sölu og kaupa á þjónustu og er verðlagning á slíkum viðskiptum sambærileg við önnur viðskipti félaga samstæðunnar.

Viðskipti við starfsmenn

Félagið hefur lánað starfsmönnum sínum vegna almennra vöruviðskipta og voru kröfur að fjárhæð 5 millj. kr. í árslok 2025 (2024: 7 millj. kr.). Aðrar skuldir starfsmanna við félagið námu 1 millj. kr. í árslok (2024: 1 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

31. Önnur mál

Málarekstur fyrir dómstólum

Festi barst þann 5. september 2025 stefna frá Bergorku ehf. þar sem félaginu er stefnt til viðurkenningar á skaðabótaskyldu án fjárhæðar. Er krafa Bergorku reist á ætluðum brotum Festi gegn 3. gr. sáttar sem félagið gerði við Samkeppniseftirlitið þann 30. júlí 2018. Festi telur að krafa Bergorku eigi sér ekki stoð og hefur félagið tekið til varna. Vænta má að niðurstaða héraðsdóms geti legið fyrir á árinu 2026.

Söluferli á eignarhlutum félagsins í Olíudreifingu

Tilkynnt var 26. september 2024 að Festi og Olís hefðu komist að samkomulagi um að hefja undirbúning söluferlis á hlutum sínum í Olíudreifingu, þar sem Festi á 60% hlut og Olís 40%. Þann 3. desember 2024 var tilkynnt að óbindandi tilboð hefðu borist í alla hluti í Olíudreifingu og að ákveðið hefði verið að bjóða þremur aðilum að halda áfram í söluferlinu og veita þeim aðgang að frekari upplýsingum. Þann 30. apríl 2025 var tilkynnt að Festi og Olís hefðu ákveðið að hætta við söluferlið þar sem ljóst væri að ekki næðist samkomulag. Formlegu söluferli hlutanna hefur því verið hætt.

32. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

Rekstur	2025	2024
Veltuhraði vörubirgða		
Vörunotkun / meðalstaða vörubirgða á árinu.....	9,0	8,3
Söludagar í viðskiptakröfum:		
Meðalstaða viðskiptakrafna á árinu / seldar vörur og þjónusta.....	10,0	13,2
Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu.....	49,6%	50,1%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og matsbreytingar / framlegð af vörusölu.....	36,6%	34,1%
Efnahagur		
Veltufjárlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	1,01	1,10
Lausafjárlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir.....	0,47	0,51
Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskulda / EBITDA.....	1,34	2,28
Eiginfjárlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn.....	41,2%	37,9%
Arðsemi eigin fjár: Afkoma ársins / meðalstaða eigin fjár.....	13,9%	10,5%

Ársfjórðungayfirlit – óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar fyrir árið 2025 greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	2025 Samtals
Vöru- og þjónustusala	37.785.855	43.579.093	47.093.027	44.955.559	173.413.534
Kostnaðarverð seldra vara	(28.573.796)	(32.571.112)	(35.036.015)	(33.540.946)	(129.721.869)
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	9.212.059	11.007.981	12.057.012	11.414.613	43.691.665
Aðrar rekstrartekjur	548.922	569.216	544.788	650.429	2.313.355
Laun og annar starfsmannakostnaður	(5.304.694)	(5.584.970)	(5.225.073)	(5.560.794)	(21.675.531)
Annar rekstrarkostnaður	(1.967.041)	(2.054.546)	(2.057.334)	(2.249.220)	(8.328.141)
	(6.722.813)	(7.070.300)	(6.737.619)	(7.159.585)	(27.690.317)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og matsbreytingar (EBITDA)	2.489.246	3.937.681	5.319.393	4.255.028	16.001.348
Afskriftir	(1.438.808)	(1.550.326)	(1.494.962)	(1.565.010)	(6.049.106)
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	49.234	82.167	(28.049)	55.319	158.671
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.099.672	2.469.522	3.796.382	2.745.337	10.110.913
Fjármunatekjur	121.487	87.107	124.698	251.347	584.639
Fjármagnsgjöld	(960.025)	(1.014.406)	(913.690)	(686.690)	(3.574.811)
Gengismunur	(19.015)	6.637	(13.934)	(66.065)	(92.377)
Áhrif hlutdeildarfélagas	86.751	186.698	250.939	50.223	574.611
	(770.802)	(733.964)	(551.987)	(451.185)	(2.507.938)
Hagnaður fyrir tekjuskatt (EBT)	328.870	1.735.558	3.244.395	2.294.152	7.602.975
Tekjuskattur	(49.698)	(316.192)	(593.531)	(423.974)	(1.383.395)
Hagnaður tímabilsins	279.172	1.419.366	2.650.864	1.870.178	6.219.580
Önnur heildarkoma					
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en verða síðar færðir í rekstrarreikning:					
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags	(9.252)	(4.995)	4.590	(78)	(9.735)
Þýðingarmunur vegna sölu eignarhluta fluttur í rekstrarreikning	0	0	0	74.005	74.005
Breytingar á gangvirði virkra sjóðsstreymis- varna að frágægn tekjuskatti	24.219	62.302	(58.935)	(16.859)	10.727
Önnur heildarkoma samtals	14.967	57.307	(54.345)	57.068	74.997
Heildarafkoma tímabilsins	294.139	1.476.673	2.596.519	1.927.246	6.294.577
Grunnhagnaður á hlut í krónum	0,90	4,55	8,52	6,03	20,00
Þynntur hagnaður á hlut í krónum	0,88	4,51	8,42	5,96	19,77

Ársfjórðungayfirlit – óendurskoðað, frh.:

Rekstur samstæðunnar fyrir árið 2024 greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	2024 Samtals
Vöru- og þjónustusala	32.223.073	36.037.111	44.256.657	41.945.805	154.462.646
Kostnaðarverð seldra vara	(25.190.249)	(27.444.240)	(33.427.482)	(31.678.848)	(117.740.819)
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	7.032.824	8.592.871	10.829.175	10.266.957	36.721.827
Aðrar rekstrartekjur	508.027	526.692	587.936	621.891	2.244.546
Laun og annar starfsmannakostnaður	(3.946.862)	(4.410.429)	(4.826.266)	(5.201.573)	(18.385.130)
Annar rekstrarkostnaður	(1.696.180)	(1.793.678)	(1.850.197)	(2.730.627)	(8.070.682)
	(5.135.015)	(5.677.415)	(6.088.527)	(7.310.309)	(24.211.266)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og matsbreytingar (EBITDA)	1.897.809	2.915.456	4.740.648	2.956.648	12.510.561
Afskriftir	(1.037.639)	(1.125.152)	(1.320.726)	(1.606.290)	(5.089.807)
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	113.825	142.112	8.584	37.770	302.291
Rekstrarhagnaður (EBIT)	973.995	1.932.416	3.428.506	1.388.128	7.723.045
Fjármunatekjur	84.458	74.042	109.054	215.440	482.994
Fjármagnsgjöld	(939.896)	(962.461)	(1.006.057)	(860.023)	(3.768.437)
Gengismunur	24.685	(8.502)	(36.031)	85.585	65.737
Áhrif hlutdeildarféлага	87.152	133.548	250.197	137.290	608.187
	(743.601)	(763.373)	(682.837)	(421.708)	(2.611.519)
Hagnaður fyrir tekjuskatt (EBT)	230.394	1.169.043	2.745.669	966.420	5.111.526
Tekjuskattur	(28.638)	(216.229)	(513.679)	(334.745)	(1.093.291)
Hagnaður tímabilsins	201.756	952.814	2.231.990	631.675	4.018.235
Önnur heildarkoma					
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en kunna síðar færðir í rekstrarreikning: Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags	(3.482)	(5.555)	10.340	(43.377)	(42.074)
Breytingar á gangvirði virkra sjóðsstreymis- varna að frádregnum tekjuskatti	3.319	(5.105)	12.573	(2.404)	8.383
Endurmat fasteigna af frádregn. tekjuskatti .	0	0	0	2.437.353	2.437.353
Önnur heildarkoma samtals	(163)	(10.660)	22.913	2.391.572	2.403.662
Heildarafkoma tímabilsins	201.593	942.154	2.254.903	3.023.247	6.421.897
Grunnhagnaður á hlut í krónum	0,67	3,16	7,30	2,00	13,13
Þynntur hagnaður á hlut í krónum	0,67	3,16	7,28	1,94	13,05

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir

Festi fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins í endurskoðaðri útgáfu 1. júlí 2021. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef www.leidbeiningar.is.

Stjórnarhættir Festi eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Starfsreglur stjórnar voru síðast yfirfarnar og samþykktar á stjórnarfundum þann 5. mars 2025. Reglurnar eru settar samkvæmt ákvæðum í 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 4. mgr. 18. gr. samþykktu félagsins. Í samþykktum er kveðið á um tilgang félagsins, hlutafé þess, hluthafafundi, stjórn, forstjóra, reikningshald og endurskoðun. Núverandi starfskjarastefna Festi var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 5. mars 2025. Stefnan nær til starfskjara stjórnarmanna, forstjóra og æðstu stjórnenda félagsins.

Starfsreglur stjórnar, samþykktir félagsins og starfskjarastefna þess eru aðgengilegar á vefsíðu Festi, <https://www.festi.is/stefnur-og-reglur>. Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess. Aðalfund skal halda fyrir lok ágúst ár hvert. Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórn félagsins gerir árlega árangursmat á störfum sínum. Samskipti stjórnar og hluthafa fara fram á hluthafafundum. Stjórnarmenn í félaginu eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirætlum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn gæta jafnframt trúnaðar í störfum sínum og veita hluthöfum ekki upplýsingar um rekstur eða starfsemi félagsins nema slíkt sé kynnt á vettvangi stjórnar.

Samkvæmt samþykktum Festi skal stjórn félagsins vera skipuð fimm stjórnarmönnum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Stjórn félagsins skipa samkvæmt niðurstöðu aðalfundar 5. mars 2025: Edda Blumenstein, Guðjón Auðunsson, Guðjón Reynisson, Hjörleifur Pálsson og Sigurlína V Ingvarsdóttir. Í stjórn eru nú þrír karlar og tvær konur. Félagið uppfyllir því ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnar. Stjórnarmenn eru með fjölbreytta menntun og hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 5. mars 2026. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnar að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru árlega. Í þeim er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verkviði stjórnar gagnvart forstjóra. Í reglunum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna og reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála. Stjórn kýs sér formann og varaformann ásamt því að skipa nefndarmenn undirnefnda. Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þörf krefur og að jafnaði eigi sjaldnar en átta sinnum á ári. Fundarstaður stjórnar er í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi. Formaður stjórnar fundum hennar. Forstjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Stjórn félagsins ákveður meðal annars starfskjör forstjóra og hittir endurskoðendur eftir þörfum. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd, fjárfestingarráð og starfskjaranefnd. Tilnefninganefnd starfar í umboði aðalfundar.

Allir stjórnarmenn hafa lagt fram persónulegar upplýsingar svo hægt sé að leggja mat á hæfi þeirra til stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út þann 1. júlí 2021.

Á árinu 2025 voru haldnir 13 stjórnarfundir hjá Festi. Meirihluti stjórnar mætti á alla fundi stjórnar á árinu.

Starfskjaranefnd

Stjórn Festi hefur skipað starfskjaranefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar. Skal nefndin jafnframt fylgjast með að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund. Stjórn félagsins skal skipa þrjá í starfskjaranefnd og skulu þeir allir vera óháðir félaginu. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Stjórn hefur sett starfskjaranefnd starfsreglur í samræmi við efni starfskjarastefnu félagsins. Í starfskjaranefnd sitja Guðjón Reynisson sem er formaður nefndarinnar, Edda Blumenstein og Sigurlína Ingvarsdóttir. Á árinu 2025 voru haldnir 6 fundir í starfskjaranefnd Festi og mætti meirihluti nefndarmanna á alla nefndarfundum ársins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Endurskoðunarnefnd

Stjórn Festi hefur skipað endurskoðunarnefnd fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Í henni skulu sitja eigi færri en þrír nefndarmenn og skal meirihluti þeirra vera óháður Festi og daglegum stjórnendum félagsins. Nefndin skal skipuð af stjórn eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur af aðalfundi. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og mat á störfum endurskoðenda til að tryggja frekara öryggi og vönduð vinnubrögð við endurskoðunina. Formaður boðar til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Í nefndinni sitja þau Guðjón Auðunsson stjórnarmaður, Sigurlína Ingvarsdóttir stjórnarmaður og Björgólfur Jóhannsson sem var tilnefndur af aðalfundi Festi þann 5. mars 2025. Björgólfur er formaður nefndarinnar samkvæmt ákvörðun stjórnar Festi.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er m.a. eftirfarandi:

- Að hafa eftirlit með gerð reikningsskila.
- Að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits Festi, áhættustýringu og öðrum eftirlitsaðgerðum.
- Að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings Festi og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins.
- Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki.
- Að meta óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum þeirra.

Á árinu 2025 voru haldnir 9 fundir í endurskoðunarnefnd Festi og mætti meirihluti nefndarmanna á alla nefndarfundi ársins. Endurskoðunarnefnd boðar endurskoðendur félagsins á fundi reglulega, auk þess sem þeir mæta á stjórnarfundi séu endurskoðuð eða könnuð reikningsskil til umfjöllunar.

Fjárfestingaráð

Stjórn Festi hefur skipað fjárfestingaráð sem starfar á ábyrgð og í umboði stjórnar sem setur því starfsreglur. Samkvæmt starfsreglum skal stjórn skipa tvo stjórnarmenn til setu í fjárfestingaráði og skulu þeir vera óháðir félaginu. Meðlimir ráðsins skulu skipaðir til eins árs í senn og ekki síðar en á öðrum stjórnarfundi eftir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Starfskjör ráðsmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Í fjárfestingaráði sitja stjórnarmennirnir Guðjón Karl Reynisson og Hjörleifur Pálsson, sem er formaður ráðsins.

Tilgangur fjárfestingaráðs er að vera stjórn til aðstoðar og gera störf hennar skilvirkari, með því að fjalla nánar og í smærri hóp um kaup og sölu fyrirtækja og um stærri fjárfestinga- eða sölutækifæri. Þá er hlutverk fjárfestingaráðs í meginatriðum eftirfarandi samkvæmt samþykktum starfsreglum:

- Að annast frummat á tækifærum sem felast í kaupum fyrirtækja eða sölu og undirbúa umfjöllun um slík mál í stjórn Festi.
- Að undirbúa umfjöllun í stjórn Festi um stærri fjárfestingatækifæri eða tækifæri til sölu eigna, ef þau eru talin falla utan áður samþykktar fjárfestingaáætlunar.
- Að hafa eftirlit með að fjárfestingar samstæðunnar séu í meginatriðum í samræmi við stefnu stjórnar Festi og áætlanir sem samþykktar hafa verið.
- Önnur verkefni sem stjórn óskar og falla undir þau svið sem ráðinu er ætlað að starfa á.

Á árinu 2025 voru haldnir 4 fundir í fjárfestingarráði og mættu báðir nefndarmenn á alla nefndarfundi ársins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Tilnefningarnefnd

Tilnefningarnefnd Festi starfar á grundvelli samþykktu félagsins og starfsreglna samkvæmt samþykkt aðalfundar. Er nefndin skipuð þremur einstaklingum til eins árs í senn. Í samræmi við starfsreglur nefndarinnar voru allir nefndarmenn tilnefningarnefndar kjörnir á aðalfundi félagsins sem fram fór þann 5. mars 2025. Stjórnarmenn eru ekki kjörgengir til setu í tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd hefur það hlutverk að undirbúa og gera tillögur um frambjóðendum við kjör stjórnar félagsins og leggur tillögur sínar fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Við mat á frambjóðendum skal horft til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Þess skal gætt að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutafélög og samþykktu félagsins um skipan stjórnar. Tillögur nefndarinnar skulu stefna að því að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi að fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar á hverjum tíma. Ber nefndinni í störfum sínum að hafa heildarhagsmuni allra hluthafa félagsins að leiðarljósi.

Tilnefningarnefnd skipa Inga Björg Hjaltadóttir, formaður, Halla Thoroddsen og Tómas Eiríksson. Fyrirspurnir sendist á netfangið: tilnefningarnefnd@festi.is.

Stjórn Festi

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Hjörleifur útskrifaðist sem viðskiptafræðingur með Cand. Oecon. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa 1989 og starfaði sem endurskoðandi til 2001. Hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar hf. frá 2001 til 2013. Hjörleifur er í stjórn og formaður endurskoðunarnefndar alþjóðlega líftækniyfjafyrirtækisins Alvotek SA, í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og í stjórn Brandr Global ehf. Hann er jafnframt formaður endurskoðunarnefndar Hörpu tónlistarhúss ohf., situr í endurskoðunarnefnd Landsbankans hf. og er varaformaður landsnefndar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF á Íslandi). Hjörleifur var um árabíl formaður stjórnar og háskólaráðs Háskólans í Reykjavík ehf., stjórnarformaður Sýnar hf., í stjórn Lotus Pharmaceuticals & Co., Ltd. í Taívan, Rafnar hf. og fleiri fyrirtækja. Hjörleifur tók sæti í stjórn Festi í júlí 2022. Hjörleifur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðjón Reynisson, varaformaður stjórnar

Guðjón Reynisson lauk MBA námi frá Háskóla Íslands árið 2002, rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999 og útskrifaðist með Íþróttakennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi frá Íþróttakennaraskóla Íslands 1986. Guðjón er sjálfstætt starfandi fjárfestir og stjórnarmaður. Á árunum 2008-2017 starfaði hann sem forstjóri Hamleys of London. Fólst starfið í að móta og innleiða stefnu félagsins sem miðaði að því að stækka það úr einni verslun í aðþjóðlega keðju verslana. Guðjón leiddi sölu á félaginu árið 2011-2012 og aftur 2015-2016. Á árunum 2003-2007 gegndi Guðjón stöðu framkvæmdastjóra 10-11 verslananna. Þar áður, frá 1998-2003, var hann framkvæmdastjóri sölusviðs Tals. Hann hefur setið í stjórn Kviku banka og Securitas frá árinu 2018, Dropp frá 2019, Vara fasteignafélags frá 2021 og Hörpu framtakssjóðs frá 2024. Guðjón tók sæti í stjórn Festi árið 2014. Guðjón er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Edda Blumenstein, stjórnarmaður

Edda starfar sem lektor og fagstjóri BS náms í verslun og þjónustu við Háskólann á Bifröst og hjá eigin fyrirtæki, beOmni ráðgjöf, frá 2017. Á árunum 2021-2023 starfaði Edda sem framkvæmdastjóri framþróunar verslunar og viðskiptavina hjá BYKO, árin 2012-2014 var hún framkvæmdastjóri Smáratívolí, árin 2007-2012 deildarstjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Icepharma og sem vörumerkjastjóri Coca-Cola hjá Vífilfelli hf. árin 1999-2007. Edda er stjórnarformaður hjá Útilíf ehf. Þá hefur hún einnig setið í stjórn TT3 ehf., SRX ehf. og Ormsson ehf., Rannsóknarseturs verslunarinnar og stafrænu ráðgjafaráði Samtaka verslunar og þjónustu. Edda er með PhD gráðu í Stjórnun frá Leeds University Business School, MA gráðu í tísku, atvinnulífi og samfélagi frá Leeds University og BSc gráðu í alþjóða markaðsfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Edda tók sæti í stjórn Festi árið 2025. Edda er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Guðjón Auðunsson, stjórnarmaður

Guðjón útskrifaðist með mastersgráðu í alþjóða viðskiptahagfræði og markaðssetningu frá háskólanum í Álaborg í Danmörku árið 1989 og „AMP“ gráðu frá IESE háskólanum í Barcelona árið 2018. Guðjón starfaði sem lektor við Háskólann á Bifröst á árunum 1989 til 1991. Frá 1991 til 1999 starfaði hann fyrir Eimskip sem framkvæmdastjóri félagsins í Bandaríkjunum og síðar í Hamborg og í Þýskalandi. Á árunum 2000 til 2002 starfaði Guðjón sem framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Landsteinar og í lok þessa tímabils sem forstjóri Samvinnuferða Landsýnar. Frá árinu 2002 til 2010 starfaði Guðjón sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Olúfélagsins Esso hf. Frá árinu 2010 til mars 2024 gegndi hann starfi forstjóra Reita fasteignafélags hf. Frá september 2024 hefur Guðjón gengt starfi framkvæmdastjóra Ísey útflutnings ehf. og situr í stjórn nokkurra félaga sem þeirri starfsemi tengjast. Guðjón er í stjórn Landsbyggðar hf., en félagið tengist aðallega uppbyggingu á nýja miðbænum á Selfossi. Guðjón hefur gegnt ýmsum stjórnarstörfum í gegnum tíðina, m.a. sem formaður stjórnar Háskólans á Bifröst, í stjórn Flugfélags Íslands ehf., í stjórn Malik Supply A/S, í stjórn Flutningajöfnunarsjóðs, stjórnarformaður Kringlunnar í um 13 ár og í stjórn fjölda annarra fyrirtækja sem tengdust Reitum. Guðjón tók sæti í stjórn Festi í mars 2024. Guðjón er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Sigurlína Ingvarsdóttir, stjórnarmaður

Sigurlína Ingvarsdóttir er með B.Sc. í lónaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Sigurlína starfar sem fjárfestir hjá Behold VC, þar sem hún er einn eigenda, en sjóðurinn fjárfestir í tölvuleikjafyrirtækjum á fyrstu stigum á Norðurlöndunum. Á árunum 2006 til 2020 starfaði Sigurlína sem stjórnandi við tölvuleikjaframleiðslu á Íslandi, í Svíþjóð, Kanada og Bandaríkjunum, og stýrði meðal annars framleiðslu Star Wars Battlefront, sem var einn mest seldi tölvuleikur ársins 2015 og seldist í rúmlega 20 milljónum eintaka. Að auki stýrði Sigurlína stefnumótun fyrir EA Sports FIFA, eins stærsta tölvuleikjavörumerkis í heimi árin 2017 og 2018. Áður en Sigurlína sneri sér að tölvuleikjaframleiðslu starfaði hún sem verkefnastjóri í lyfjapróun hjá Actavis og í viðskiptapróun og við innleiðingu nýrra tæknilausna hjá Högum. Sigurlína situr í stjórn íslenskra og erlendra tölvuleikjafélaga sem Behold Ventures hefur fjárfest í. Sigurlína tók sæti í stjórn Festi í júlí 2022. Sigurlína er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Framkvæmdastjórn Festi

Framkvæmdastjórn er skipuð forstjóra og sjö framkvæmdastjórum félagsins þar sem hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutverk stjórnar að ráða forstjóra félagsins og gera ráðningarsamning við hann. Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir stjórnun félagsins.

Ásta Sigríður Fjeldsted, forstjóri

Ásta Sigríður er fædd árið 1982. Á árunum 2007 til 2012 starfaði hún hjá IBM í Danmörku og stoðtækjaframleiðandanum Össuri hf., bæði í Frakklandi og á Íslandi. Frá árinu 2012 til ársins 2017 starfaði hún fyrir ráðgjafarfyrirtækið McKinsey & Company, bæði á skrifstofum þess í Tókýó og Kaupmannahöfn, þar sem hún leiddi fjölda smærri og stærri greininga-, umbóta- og umbreytingaverkefna. Frá árinu 2017 starfaði hún sem framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. Ásta Sigríður gegndi stöðu framkvæmdastjóra Krónunnar frá 2020 og tók við sem forstjóri Festi í september 2022. Hún situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands og er stjórnarmaður hjá Transition Labs. Ásta Sigríður er vélaverkfræðingur með M.Sc. gráðu frá DTU, Tækniháskólanum í Danmörku.

Aðrir í framkvæmdastjórn:

Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi

Eva Guðrún Torfadóttir, framkvæmdastjóri Bakkans vöruhóts

Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar

Karen Ósk Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Lyfju

Magnús Hafliðason, framkvæmdastjóri N1

Óðinn Árnason, framkvæmdastjóri Yrkis eigna

Óttar Örn Sigurbergsson, framkvæmdastjóri Elko

Meðlimir framkvæmdastjórnar Festi eru með kaupréttarsamninga við félagið sem gerðir voru á árunum 2024 og 2025, en fjöldi kaupréttarluta kemur fram í skýringu 30. Engin hagsmunatengsl eru á milli meðlima framkvæmdastjórnar og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins sem og stórra hluthafa í félaginu.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri þess og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin við daglegan rekstur félagsins.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru verklagsreglur til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu og rekstrarkostnaði ásamt fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Áhættustýring er yfirfarin reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Rekstraráhættu er mætt með því að hafa eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög. Stjórn hefur sett stefnu um eiginfjárstýringu til að eiginfjárstaða félagsins sé sterk og styðji við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar félagsins eru yfirfarnir af stjórn einu sinni á starfsári. Festi hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum þess.

Hluthafar félagsins

Festi er hlutafélag og upplýsingar um stærstu eigendur þess er að finna á heimasíðu félagsins, www.festi.is.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Viðskiptalíkan Festi

Festi er eignarhaldsfélag sem á og rekur fyrirtæki sem eru leiðandi hvert á sínum markaði; matvöru-, raftækja-, apóteka-, eldsneytis-, raforkusölu- og þjónustustöðvamárkæði. Fasteigna- og vöruhúsarekstur og kaup og sala verðbréfa er einnig hluti af starfsemi samstæðunnar. Móðurfélagið Festi á dótturfélögin ELKO sem er stærsta raftækjaverslun landsins, Krónuna sem rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Lyfju sem selur lyf, heilsu- og lækningavörur, N1 sem rekur þjónustustöðvar, eldsneytis- og rafmagnssölu og ýmsa þjónustu tengda smur- og bifreiðapjónustu, Yrki eignir sem á og rekur fasteignir samstæðunnar og Bakkann vöruhótel sem sérhæfir sig í vöruhúsaþjónustu og dreifingu.

Framkvæmdastjórn Festi er skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum samstæðunnar og fulltrúar Festi skipa jafnframt stjórnir dótturfélaganna.

Meginhlutverk móðurfélags Festi er að stýra fjárfestingum, styðja við verðmætasköpun og skapa ný tækifæri fyrir samstæðuna.

Festi sér um ýmsa þjónustu fyrir öll félög samstæðunnar og nær þannig fram kostnaðarhagræðingu í krafti stærðar og auknum gæðum með samræmingu ferla. Auk þess veitir félagið rekstrarfélögunum nauðsynlegan stuðning til að vera ávallt í fararbroddi í þjónustu- og vöruframboði um land allt. Þjónustan er á sviði fjármála, upplýsingatækni, lögfræði, mannauðs-, og sjálfbærnimála.

Áherslur, markmið og árangur í sjálfbærni

Helstu áherslur félagsins í sjálfbærni á árinu sneru að því að setja markmið fyrir samstæðuna, forgangsraða aðgerðum og endurskoða sjálfbærnistefnu samstæðunnar með tilliti til útkomu tvöfaldrar mikilvægisgreiningar sem framkvæmd var árið áður. Í lok árs 2025 samþykktu stjórn og framkvæmdastjórn Festi nýja sjálfbærnistefnu fyrir samstæðuna. Stefnan setur skýr markmið fyrir félagið auk þess að fjalla um ýmsar stuðningsaðgerðir í umhverfis-, félags- og stjórnarháttum. Hún styður við langtímasýn okkar um ábyrgari rekstur og sjálfbærari framtíð og styrkir þar með samstæðuna í vegferð sinni um að vera meðal leiðandi fyrirtækja í sjálfbærni á Íslandi. Sjálfbærnistefnu samstæðu Festi má nálgast á heimasíðu félagsins, www.festi.is/sjalfbaernistefna.

Endurskoðun á CSRD tilskipuninni (Corporate Sustainability Reporting Directive) hjá Evrópusambandinu (sem var skýrt Omnibus) hófst á árinu. Sökum stærðar Festi samstæðunnar mun félagið áfram eiga að birta sjálfbærniupplýsingar samkvæmt evrópsku sjálfbærnistöðlunum ESRS (European Sustainability Reporting Standards). Aftur á móti er félagið undir mörkum þegar kemur að CSDDD (Corporate Sustainability Due Diligence Directive) en sú reglugerð snýr fyrst og fremst að virðisæðjum stórra fyrirtækja. Kynnt hafa verið drög að uppfærðum ESRS-stöðlum til einföldunar en ekki er búið að birta samþykktar útgáfur af stöðlunum. Einnig á eftir að innleiða CSRD í íslensk lög. Félagið mun því birta sjálfbærniuppgjör á sambærilegan máta fyrir árið 2025 og það gerði fyrir árið 2024. Uppgjörið verður að finna í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2025 sem verður gefin verður út í mars 2026.

Undir lok árs 2025 vann greininga- og matsfyrirtækið Reitun UFS sjálfbærnimat á Festi, en matið gerir grein fyrir hvernig fyrirtæki standa í umhverfispáttum, félagspáttum og stjórnarháttum. Festi fékk 82 punkta af 100 mögulegum og hækkaði um tvo punkta milli ára. Félagið er áfram í flokki B1 og fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum. Lykilskýringar á bættri einkunn tengjast framförum í gagnasöfnun og -úrvinnslu í umhverfisbókhaldbi, sjálfbærni í aðfangakeðju og ítarlegri vinnu við tvöfalda mikilvægisgreiningu.

Tvöföld mikilvægisgreining

Árið 2024 var framkvæmd tvöföld mikilvægisgreining en hún felur í sér ítarlega greiningu á áhrifum sjálfbærniþátta á starfsemi samstæðunnar, sem og áhrifum heildarvirðisæðju samstæðunnar á umhverfi og samfélag. Áhrif á starfsemina felast í því að meta hvernig sjálfbærniþættir eins og loftslagsmál, félagsleg ábyrgð og siðferðileg viðmið hafa, eða gætu komið til með að hafa, bein áhrif á rekstur, hagnað og langtímapróun fyrirtækisins. Áhrif á umhverfi og samfélag felast aftur á móti í greiningu á því hvernig starfsemi Festi og dótturfélaga hefur áhrif á umhverfið, samfélögin sem við störfum í og viðskiptavinir okkar.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Eftirfarandi yfirflokkar í evrópsku sjálfbærnistöðlunum (ESRS) teljast mikilvægir fyrir samstæðu Festi:

- ESRS E1 - Loftslagsbreytingar
- ESRS E2 - Mengun
- ESRS E3 - Vatns- og sjávarauðlindir
- ESRS E4 - Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi
- ESRS E5 - Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi
- ESRS S1 - Eigin starfsfólk
- ESRS S2 - Starfsfólk í virðiskeðjunni
- ESRS S4 - Neytendur og endanotendur
- ESRS G1 – Viðskiptahættir

Umhverfis- og loftslagsþættir

Festi og rekstrarfélög eru meðvituð um áhrif starfsemi sinnar á umhverfið og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif hennar eins og mögulegt er. Samstæðan leggur áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, að vernda auðlindir og stuðla að hringrásarhagkerfi. Lykilmarkmið Festi þessu tengt er að vera með nettónúll losun árið 2050 og í eigin rekstri árið 2031. Að auki hefur félagið til dæmis sett sér markmið um að hækka flokkunarhlutfall úrgangs í 90% árið 2030, að auka hluta sjálfbærra vara og þjónustu sem hlutfall af sölu ár frá ári, að auka hlutfall endurvinnanlegra umbúða eigin vara og vera með verkefni tengd hringrásarhagkerfi í gangi hverju sinni hjá öllum félögum samstæðunnar.

Til viðbótar við markmið um að lágmarka áhrif á umhverfið vinnur félagið að verkefni í vottaðri nýskógrækt á landi Fjarðarhorns í Hrítafirði sem framkvæmd er samkvæmt kröfum gæðakerfis Skógarkolefnis og áætlað er að á næstu 50 árum muni kolefnisbinding Festi tengd þessu verkefni nema um 70.000 tonn af CO₂. Einnig má nefna að undanfarin ár hefur félagið kolefnisjafnað mælda losun úr starfsemi félagsins með kaupum á kolefniseiningum og hyggst halda áfram að kolefnisjafna mælda losun frá rekstri með vottuðum einingum.

Félagslegir þættir – innri þættir

Þegar kemur að mannauði samstæðunnar er áhersla lögð á jafnrétti, öryggi og vellíðan á vinnustað. Markmið félagsins er að vera heilsueflandi vinnustaður með því að styðja við aukin lífsgæði og heilsu starfsfólks. Önnur markmið snúa meðal annars að virkri þátttöku starfsfólks í vinnustaðagreiðingum, áframhaldandi jafnrétti og fjölbreytileika í stjórnunarstöðum og inngildingum starfsfólks. Rekin er núll-slysastefna hjá samstæðunni þar sem engin slys eru ásættanleg.

Öll félög samstæðunnar eru jafnlaunavottuð samkvæmt ÍST 85:2012 staðli og kröfum Jafnréttisstofu. Það staðfestir að hjá félaginu er starfsfólki sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf ekki mismunað í launum. Festi og rekstrarfélög hafa innleitt Velferðarþakka sem snýst um heildræna nálgun á velferð starfsmanna. Markmiðið er að auka lífsgæði, stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu og minnka líkur á sjúkdómum og fjarvistum vegna veikinda hjá starfsmönnum samstæðunnar.

Félagslegir þættir – ytri þættir

Festi hefur skilgreint áhersluþætti fyrir neytendur og mannréttindi í virðiskeðju þar sem áhersla er lögð á að stuðla að auknum lífsgæðum neytenda, ábyrga viðskiptahætti og gott samstarf við birgja og þjónustuaðila til að tryggja mannréttindi starfsfólks í virðiskeðjunni. Helstu markmið í þessum flokki snúa að öryggi og trúnaði um persónuupplýsingar viðskiptavina og starfsfólks og aukinni áherslu á samþykkt siðaregla birgja og þjónustuaðila samstæðunnar, sem og svörun á birgjamatí.

Festi og rekstrarfélög styðja við og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend lög sem og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í allri starfsemi félagsins. Samstæðan virðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafnar með öllu mannréttindabrotum svo sem nauðungar- og þrælkunarvinnu, þar með talin barnaþrælkun.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Stjórnarhættir

Festi og rekstrarfélög eru meðvituð um þau áhrif sem þau hafa á samfélagið allt með starfsemi sinni og leggja mikla áherslu á að stunda heilbrigða viðskiptahætti í hvívetna. Með góðum stjórnarháttum er lagður grunnur að traustum samskiptum við hagaðila og stuðlað að heilindum, gegnsæi og ábyrgð í stjórnun. Markmið félagsins tengd stjórnarháttum snúa meðal annars að því að starfsfólk þekki siðareglur samstæðunnar og uppljóstrunarferli, vinna markvisst gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og hvers kyns spillingu og mútum.

Festi er hlutafélag skráð í Kauphöll Íslands og fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins auk þess sem það fylgir alþjóðlegum reikningsskilastöðum (IFRS Accounting Standards). Siðareglur Festi hf. gilda um alla starfsemi Festi og rekstrarfélaga, allt starfsfólk sem og þá verktaka, sem sinna verkefnum fyrir samstæðuna. Auk þess gilda bæði siðareglur stjórnar og starfsreglur stjórnar sem jafnframt innihalda reglur um mat á orðsporsáhættu og hagsmunaaðrekstrum. Frekari upplýsingar um stjórnarhætti félagsins má finna í stjórnarháttayfirlýsingu ársreikningsins.

Áhættur á sviði sjálfbærni

Árlega fer fram formlegt mat á helstu áhættuþáttum í rekstri samstæðunnar þar með talið sjálfbærniáhættum. Matið er unnið fyrir hverja rekstrareiningu með stjórnendum þeirra. Helstu niðurstöður úr áhættumati samstæðunnar fara fyrir endurskoðunarnefnd Festi. Sjálfbærniáhættur eru mjög mismunandi eftir starfsemi félaganna en mesta áhættan tengist sölu á jarðefnaeldsneyti hjá N1. Félagið metur þessa áhættu jafnframt sem tækifæri og hefur t.d. unnið ótullega að uppsetningu hraðhleðslustöðva um allt land.

Áreiðanleikakönnunarferli félagsins

Siðastliðin fjögur ár hefur Sjálfbærnisráðgjafi Festi verið staðfest af Deloitte ehf., þar sem veitt var álit með takmarkaðri vissu. Í ljósi þess að Sjálfbærnisráðgjafi ársins 2025 verður, líkt og á síðasta ári, byggð á ESRS stöðlunum, sem hafa ekki enn verið leiddir í lög á Íslandi, verður að þessu sinni veitt álit með takmarkaðri vissu á sjálfbærnimælikvörðum í skýrslunni. Aðferðafræði og útkoma tvöfaldrar mikilvægisgreiningar félagsins voru rýnd árið 2025. Ekki er um lagalaga kröfu að ræða en með þessu fær Festi úttekt og staðfestingu á áreiðanleika gagna og upplýsinga sem tengjast sjálfbærniþróun samstæðunnar. Auk þess má nefna að ársreikningur félagsins er endurskoðaður af ytri endurskoðanda, lagður fyrir endurskoðunarnefnd Festi og samþykktur af stjórn félagsins og forstjóra.

Nánari upplýsingar um atriði tengd sjálfbærniþróun félagsins sem og sjálfbærniuppgjör þess, má finna í óendurskoðaðri ársskýrslu Festi fyrir árið 2025 sem gefin verður út í byrjun mars 2026 og verður þá aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.festi.is. Dótturfélög Festi munu jafnframt birta ítarlegri upplýsingar um sjálfbærniþróun, markmið og áherslur þeirra á árinu 2025 í skýrslum á heimasíðum þeirra.

Skýrslugjöf vegna Flokkunarreglugerðar ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum og stuðla þannig að gagnsæi í upplýsingagjöf í sjálfbærni. Til að atvinnustarfsemi fyrirtækis geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þarf hún að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex:

- Mildun loftslagsbreytinga
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
- Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
- Mengunarvarnir og effirlit með mengun
- Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum hafa verið innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 10/2024, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 1207/2024. Með gildistöku reglugerðar nr. 1207/2024 þann 1. janúar 2025 voru innleidd tæknileg matsviðmið fyrir þau fjögur umhverfismarkmið sem áður vantaði (vatn, hringrásarhagkerfi, mengun og líffræðilega fjölbreytni), auk viðbótarviðmiða fyrir loftslagsmálin. Atvinnustarfsemi sem fellur undir þessi viðmið ber því að upplýsa um þau í samræmi við íslensk lög.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, það er starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum samkvæmt gr. 66. d. í ársreikningalögum nr. 3/2006 og er Festi þar á meðal.

Hæf starfsemi Festi samkvæmt reglugerðinni

Starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum og umskipti í hringrásarhagkerfi. Kjarnastarfsemi Festi er smásala sem fellur ekki undir tæknilegu matsviðmiðin eins og er, en við mat á starfseminni kom í ljós að starfsemi Festi og dótturfélaga þess tengist eftirfarandi flokkum:

Mildun loftslagsbreytinga

- 1.1. Nýskógrækt
- 4.9. Flutningur og dreifing á raforku
- 6.4. Starfræksla á ferlitækjum einstaklinga, nýttjahlóflutningastjórnun
- 6.6. Vöruflutningaþjónusta á vegum
- 6.15. Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg
- 7.1. Smíði nýrra bygginga
- 7.2. Endurnýjun bygginga sem fyrir eru
- 7.3. Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði
- 7.4 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)
- 7.7. Kaup og eignarhald á byggingum

Umskipti í hringrásarhagkerfi

- 5.4. Sala á notuðum vörum

Umhverfislega sjálfbær starfsemi í skilningi reglugerðarinnar

Til að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að uppfylla tæknileg matsviðmið sem skilgreind hafa verið fyrir hvað sé verulegt framlag (e. substantial contribution), að valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir. Kröfur eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út með góðri samvisku að markmiðin séu uppfyllt og þannig að þær standist skoðun þarf mikil undirbúningsvinna að hafa átt sér stað.

Festi metur að lágmarksverndarráðstafanir sem snúa að mannréttindum í virðiskeðjunni séu ekki að fullu uppfylltar. Þar af leiðandi teljast engar fjárfestingar, tekjur eða rekstrarkostnaður sjálfbær samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar fyrir árið 2025. Hér á eftir verður þó farið yfir hæfa starfsemi félagsins út frá tæknilegum matsviðmiðum vegna verulegs framlags og að valda ekki umtalsverðu tjóni, auk þess eru nánari skil gerð á afstöðu félagsins til krafna vegna lágmarksverndarráðstafana.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Verulegt framlag

Mildun loftslagsbreytinga

1.1. Nýskógrækt

Festi er með nýskógrækt í Fjarðarhorni í Hrútafirði. Skógræktarverkefnið fylgir aðferðafræði og stöðlum Skógarkolefnis sem var borin saman við kröfur flokkunarreglugerðarinnar og staðfest að sú aðferðafræði uppfyllir kröfur tæknilegu matsviðmiðanna þegar kemur að verulegu framlagi við mildun loftslagsbreytinga.

4.9. Flutningur og dreifing á raforku

N1 selur rafmagn til heimila og fyrirtækja og telur starfsemina uppfylla skilyrði um að vera umhverfislega sjálfbær.

6.4. Starfræksla á ferlitækjum einstaklinga, nytjahjólaflutningsstjórnun

Sala á rafhlaupahjólum ELKO þar sem knúningsaflíð kemur frá samblandi af vél með enga losun og líkamlegri hreyfingu notenda. Festi telur starfsemina uppfylla skilyrði um að vera umhverfislega sjálfbær.

6.6. Vöruflutningsþjónusta á vegum

Ekki reyndist unnt að mæta kröfum reglugerðarinnar í flokknum vöruflutningaþjónusta á vegum þó svo að félagið starfræki bíla með enga losun eru kröfur reglugerðarinnar um hjólbarða þess eðlis að erfitt er að uppfylla öryggiskröfur þeirra við íslenskar aðstæður.

6.15. Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg

Uppbygging og rekstur á hleðslustöðvum N1 fyrir rafknúin ökutæki, þar sem N1 rekur bæði heimahleðslustöðvar og hraðhleðslustöðvar víða um landið. Festi metur starfsemina uppfylla skilyrði um að vera umhverfislega sjálfbær.

7.1. Smíði nýrra bygginga og 7.2. Endurnýjun bygginga sem fyrir eru

Þar sem krafa á orkunýtingarvottorð í flokki A samkvæmt tilskipun ESB 2010/31 er grunnþáttur til að ákvarða verulegt framlag fyrir flokkana smíði nýrra bygginga, endurnýjun bygginga sem fyrir eru, og kaup og eignarhald á byggingum reyndist ekki unnt að fara lengra með þá þætti. Ástæðan er sú að Ísland er með heildarundanþágu frá innleiðingu tilskipunarinnar og hefur hún ekki verið innleidd í íslenskan rétt. Af þessu leiðir að engin orkunýtingarvottorð eru gefin út fyrir byggingar hér á landi, og ekki er unnt að ákvarða frumorkupörf út frá tilskipuninni. Þar sem kröfur tengdar orkunýtingu eru einu kröfurnar sem settar eru um umhverfislega sjálfbærni þessara flokka, er ómögulegt fyrir íslensk fyrirtæki að sýna fram á umhverfisvæna sjálfbæra starfsemi þar.

7.3 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði

LED perur í verslunum Krónunnar, ELKO og N1 flokkast sem uppsetning og útskipti á orkunýtnum ljósgjöfum.

7.4 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)

Festi og dótturfélög sjá um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir eigin rafbíla. Festi metur starfsemina uppfylla skilyrði um að vera umhverfislega sjálfbær.

7.7. Kaup og eignarhald á byggingum

Líkt og fyrir flokka 7.1. og 7.2. er hér gerð krafa á orkunýtingarvottorð í flokki A samkvæmt tilskipun ESB 2010/31 til að ákvarða verulegt framlag. Því reyndist ekki unnt að sýna fram á umhverfisvæna sjálfbæra starfsemi að sinni.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi

5.4. Sala á notuðum vörum

ELKO selur notaðar vörur í verslunum sínum. Sala á notuðum vörum hjá ELKO (raftækjum) uppfyllir ekki kröfu um umbúðir og uppfyllir því ekki skilyrði um að vera umhverfislega sjálfbær.

Að valda ekki umtalsverðu tjóni

Hér má sjá yfirlit greiningar um hvort fjárfestingar uppfylli skilyrði þess að valda ekki umtalsverðu tjóni. Aðeins er farið yfir þær fjárfestingar sem uppfylla kröfur fyrir verulegt framlag.

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Breytingar á veðurfari sem afleiðing loftslagsbreytinga munu hafa áhrif á alla innviði. Festi vann loftslagsáhættu- og veikleikamat á þeirri starfsemi sem skilgreinist sem samræmd starfsemi og hefur lagt mat á helstu loftslagstengdu áhættu henni tengdri. Að sama skapi hefur félagið greint hvaða lausnir eru til staðar og hvar umbóta er þörf. Áhættumat hefur einnig verið gert af Skógarkolefni þegar kemur að skógræktarverkefni Festi sem telst uppfylla kröfur flokkunarreglugerðarinnar.

Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda

Viðmið fyrir sjálfbæra notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda tengjast Vatnatilskipun ESB þar sem álag á vatnsauðlindir skal vera greint. Vatnshlotið á Stórasandi er það vatnshlot sem er næst Fjarðarhorni og tengist flokki 1.1. Nýskógrækt. Vatnshlotið er grunnvatn og telst hafa góða magnstöðu en efnafræðilegt ástand vatnshlotsins hefur ekki verið greint. Ekki er gerð krafa um að önnur atvinnustarfsemi Festi sem flokkast sem umhverfislega sjálfbær uppfylli kröfur um verndun vatns- og sjávarauðlinda.

Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi

Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi á við flutning og dreifingu á raforku, uppbyggingu og rekstur rafhleðslustöðva og sölu á rafhláupahjólum. Kröfur um flutning og dreifingu á raforku eiga ekki við þar sem þær snúa ekki að starfsemi félagsins. Úrgangsstjórnunaráætlun sem tryggir endurnotkun er til staðar í báðum hinum flokkunum. Festi telur jafnframt að krafa um að að minnsta kosti 70% (massahlutfall) af hættulausum úrgangi sé flokkað/undirbúið fyrir endurvinnslu og/eða endurnýtingu sé uppfyllt.

Mengunarvarnir og eftirlit með mengun

Ekki má valda umtalsverðu tjóni þegar kemur að mengunarvörnum og eftirliti með mengun þegar kemur að nýskógrækt, flutningi og dreifingu á raforku og rafhleðslustöðvum. Varnarefni eru ekki notuð í íslenski skógrækt og notkun áburðar er í samræmi við landslög. Gætt er að því að taka tillit til hljóð-, loft- og efnamengunar á framkvæmdasvæðum rafhleðsluinnviða.

Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Þessi krafa á við um nýskógrækt, flutning og dreifingu á raforku og rafhleðslustöðvar. Ræktunaráætlun skógræktarverkefnis á Fjarðarhorni uppfyllir og útskýrir þær kröfur sem gerðar eru til nýskógræktar. Áður en rafhleðslustöðvar eru settar upp er kannað hvort þörf sé á leyfum frá opinberum aðilum og tryggt að framkvæmd uppfylli öll lög og reglugerðir sem við eiga hverju sinni, svo sem mannvirkjalög, lög um mat á umhverfisáhrifum o.s.frv.

Lágmarksverndarráðstafanir

18. gr. flokkunarreglugerðarinnar mælir fyrir um lágmarksverndarráðstafanir þar sem horft er til viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar, leiðbeinandi meginreglna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, auk átta grundvallarsamþykktar í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni samkvæmt þessum kröfum: mannréttindi, spillingu og mútur, skattlagningu og sanngjarna samkeppni. Svo hægt sé að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir þarf að gera áreiðanleikakönnun á mannréttindum (e. Human Rights Due Diligence), en það er ítarleg og viðamikil könnun þar sem tekið er á þeim áhættum sem tengjast mannréttindum í virðiskeðjunni.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Festi starfar samkvæmt íslenskum skattalögum og vinnulöggjöf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnalögum nr. 73/2003, auk þess sem unnið er eftir ýmsum stefnum og reglum sem snúa að mannréttindum, siðferði, sjálfbærni og góðum viðskiptaháttum og lesa má um á vefsíðu félagsins, www.festi.is. Á árinu 2024 var auk þess farið í umfangsmikla vinnu við greiningu á virðisbætur, framkvæmd á birgjamati, innleiðingu á siðareglum birgja og þjónustuaðila og innleiðingu á ESRS (meðal annars með framkvæmd tvöfaldrar mikilvægisgreiningar).

Festi metur að lágmarksverndarráðstafanir sem snúa að áreiðanleikakönnun á mannréttindum í virðisbæturinni séu ekki að fullu uppfylltar hjá samstæðunni. Þetta veldur því að engar fjárfestingar, tekjur eða rekstrarkostnaður teljast sjálfbærar fyrir árið 2025. Festi hefur þó lagt mikla vinnu í málaflokkinn á árinu og stefnir á að geta uppfyllt skilyrðin fyrir árið 2026.

Lykilmælikvarðar

Eftirfarandi aðferðafræði var notuð við útreikninga á lykilmælikvörðunum veltu, fjárfestingagjöldum og rekstrargjöldum fyrir hæfa starfsemi. Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð 2021/2178. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga Festi, eins ef að í ljós kemur að starfsemi félagsins fellur betur að öðrum umhverfismarkmiðum en þeim sem nú þegar hafa verið birt.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS Accounting Standards) líkt og fram kemur í skýringu 2 í ársreikningi. Útreikningar á lykilmælikvörðum eru birtir á samstæðugrundvelli þar sem innri viðskiptum hefur verið eytt út til að forðast tvítalningu.

Eftirfarandi aðferðafræði var notuð við útreikninga á lykilmælikvörðunum veltu, fjárfestingagjöldum og rekstrargjöldum, sem birt eru í töflum á bls. 59, 60 og 61.

Líkt og áður hefur komið fram er kjarnastarfsemi Festi smásala, en sú starfsgrein hefur ekki enn verið tekin upp í tæknilegum matsviðmiðum Flokkunarreglugerðar ESB. Af þeim sökum er aðeins lítill hluti af veltu, fjárfestingagjöldum og rekstrargjöldum félagsins sem fellur undir flokkunarkerfið.

Til viðbótar birtir félagið upplýsingar um starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas í samræmi við 6. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar ESB 2021/2178. Líkt og sjá má í töflu á bls. 62 er engin starfsemi hjá samstæðunni sem tengist kjarnorku eða jarðgasi.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. gr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS) 1. Heildar velta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu samstæðunnar fyrir árið 2025 eins og hún kemur fram í skýringu 6 í ársreikningi. Þar af eru 3,2% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 59.

Fjárfestingargjöld

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurfærslur og endurnat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingargjöld námu alls 7.248 millj. kr. á árinu 2025 í samræmi við viðbætur ársins í skýringum 14, 15 og 16 í ársreikningi. Þar af eru 27,0% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir fjárfestingargjöld á bls. 60.

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjunar bygginga, skammtímaleigu, viðhalds og viðgerða og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfsrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld skv. skilgreiningu þessari námu alls 1.342 millj. kr. á árinu 2025 og voru til komin vegna viðhalds og viðgerðarkostnaðar. Þar af eru 6,0% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrargjöld á bls. 61.

Starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas

Þar sem félagið er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar ekki birtir.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Velta

Fjárhagsár N	2025			Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Lágmarks verndarðæðni (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokk unar- kerfinu, ár N(18)	Hlutfall veltu sem fellur að flokk unar- kerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverf- ismark- miðum (20)	Flokkur "um- breyt- inga- starf- semi" (21)
Atvinnustarfsemi (1)	Kóði (2)	Heildar velta (3)	Hlutfall veltu (4)	Móðvegi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Væðing og sjálfbærni (7)	Mengun (8)	Hiðringssamhverfi (9)	Ulfiræðing fjölbreytni og vaxandi (10)	Móðvegi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Væðing og sjálfbærni (13)	Mengun (14)	Hiðringssamhverfi (15)	Ulfiræðing fjölbreytni og vaxandi (16)						
Texti	#	Dús. Kr.	%	%	%	%	%	%	%	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	%	%	E	T	
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			3,2%																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																					
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%			
Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum			0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%	0%		
Þar af umbreyting			0	0%						N	N	N	N	N	N	N	0%	0%		0%	
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																					
				EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL												
Nýskógrækt	CCM 1.1	0	0,0%																		
Flutningur og dreifing á raforku	CCM 4.9	4.396.053	2,5%																		
Sala á notuðum vörum	CE 5.4	349.871	0,2%																		
Starfræksla á ferlitækjum einstaklinga, nýttjónaflutningsstjórnun	CCM 6.4	65.147	0,0%																		
Vöruflytningaþjónusta á vegum	CCM 6.6	20.702	0,0%																		
Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg	CCM 6.15	92.842	0,1%																		
Smiði nýrra bygginga	CCM 7.1	0	0,0%																		
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	CCM 7.2	0	0,0%																		
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði	CCM 7.3	0	0,0%																		
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	CCM 7.4	0	0,0%																		
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	678.176	0,4%																		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		5.602.790	3,2%																		
A. Velta af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		5.602.790	3,2%																		
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																					
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		170.124.099	96,8%																		
Alls (A+B)		175.726.889	100%																		

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Fjárfestingagjöld

Fjárhagsár N	2025			Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")							Légnarkennitala fjárfestinga (17)	Hlutfall fjárfestinga-gjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N(18)	Hlutfall fjárfestinga-gjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur ("umbreytinga-starfsemi)" (21)
Atvinnustarfsemi (1)	Kóði (2)	Heiðar fjárfestingagjöld (3)	Hlutfall fjárfestingagjalda (4)	Mótvægi við loftslagsþvingar (5)	Aðlögun að loftslagsþvingunum (6)	Væðing og sjávarauðindir (7)	Mengun (8)	Hringrásarþæknir (9)	Ulfiræðing fjárfestinga og vaxandi (10)	Mótvægi við loftslagsþvingar (11)	Aðlögun að loftslagsþvingunum (12)	Væðing og sjávarauðindir (13)	Mengun (14)	Hringrásarþæknir (15)	Ulfiræðing fjárfestinga og vaxandi (16)							
Texti	#	Dús. Kr.	%	%	%	%	%	%	%	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	%	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR				27,0%																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																						
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%				
Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum			0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%	0%			
Þar af umbreyting			0	0%						N	N	N	N	N	N	N	0%	0%		0%		
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																						
				EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL													
Nýskógrækt	CCM 1.1	1.640	0,0%																			
Flutningur og dreifing á raforku	CCM 4.9	0	0,0%																			
Sala á notuðum vörum	CE 5.4	0	0,0%																			
Starfraeksla á ferlitækjum einstaklinga, nýttjólaflytningastjórnun	CCM 6.4	0	0,0%																			
Vöruflutningaþjónusta á vegum	CCM 6.6	75.374	1,0%																			
Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg	CCM 6.15	138.040	1,9%																			
Smiði nýrra bygginga	CCM 7.1	148.743	2,1%																			
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	CCM 7.2	499.162	6,9%																			
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði	CCM 7.3	40.708	0,6%																			
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	CCM 7.4	10.638	0,1%																			
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	1.044.656	14,4%																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		1.958.961	27,0%																			
A. Fjárfestingagjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		1.958.961	27,0%																			
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																						
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			5.289.276	73,0%																		
Alls (A+B)			7.248.237	100%																		

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Rekstrargjöld

Fjárhagsár N	2025			Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")									
	Kóði (2)	Heildar rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Máttvergi við loftslagsþvingun (5)	Aðlögun að loftslagsþvingunum (6)	Væðing og sjávarauðindir (7)	Mengun (8)	Hringrásirhverfið (9)	Ulfæðing fjölskyldu og vistkerfi (10)	Máttvergi við loftslagsþvingun (11)	Aðlögun að loftslagsþvingunum (12)	Væðing og sjávarauðindir (13)	Mengun (14)	Hringrásirhverfið (15)	Ulfæðing fjölskyldu og vistkerfi (16)	Lýgnaks sennardæðir (17)	Hlutfall rekstrar gjalda sem fellur að flokkan ar- kerfinu, ár N-1 (19)	Hlutfall rekstrar gjalda sem fellur að flokkan ar- kerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverf- ismark- miðum (20)	Flokkur "(umbreyt- inga- starf- semi)" (21)
Texti	#	Dús. Kr.	%	%	%	%	%	%	%	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			6,0%																	
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%		
Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%	0%	
Þar af umbreyting		0	0%							N	N	N	N	N	N	N	0%	0%		0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
				EL: N/EL	EL: N/EL	EL: N/EL	EL: N/EL	EL: N/EL	EL: N/EL											
Nýskógrækt	CCM 1.1	0	0,0%																	
Flutningur og dreifing á raforku	CCM 4.9	0	0,0%																	
Sala á notuðum vörum	CE 5.4	0	0,0%																	
Starfræksla á ferlitækjum einstaklinga, nýttahjólaflutningsstjórnun	CCM 6.4	0	0,0%																	
Vöruflutningaþjónusta á vegum	CCM 6.6	6.748	0,5%																	
Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg	CCM 6.15	14.939	1,1%																	
Smiði nýrra bygginga	CCM 7.1	0	0,0%																	
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	CCM 7.2	28.062	2,1%																	
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði	CCM 7.3	1.165	0,1%																	
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	CCM 7.4	0	0,0%																	
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	29.546	2,2%																	
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)		80.460	6,0%																	
A. Rekstrargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		80.460	6,0%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		1.261.533	94,0%																	
Alls (A+B)		1.341.993	100%																	

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas

Lína	Starfsemi sem tengist kjarnorku	Já/Nei
1	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna rannsókna, þróunar, sýniverkefna og uppbyggingar á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.	Nei
2	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar og öruggs reksturs nýrra kjarnorkuvirkja fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu, ásamt öryggis uppfærslum á þeim með notkun bestu aðgengilegu tækni.	Nei
3	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna öruggs reksturs kjarnorkuvirkja í rekstri sem framleiða raforku eða vinna varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu úr kjarnorku, ásamt öryggisuppfærslum.	Nei
Starfsemi sem tengist jarðgasi		
4	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar eða reksturs raforkuframleiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
5	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar, endurnýjunar og reksturs samþættra varma-/kæli- og orkuframleiðslustöðva með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
6	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna byggingar, endurnýjunar og reksturs varmaframleiðslustöðva sem framleiða varma/kæla með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei